

41. fundur

Reykjavík 22. júní 2016

1605043SA  
Málalykill: 16.35

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands, þann 22. júní 2016 kl. 13:00.

Mætt voru frá Starfsgreinasambandi Íslands Drífa Snædal, en Björn Snæbjörnsson og Hjördís Þóra Sigþórsdóttir voru á símalínunni. Frá SNS komu Sólveig B. Gunnarsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

**1. Stéttarfélagið Samstaða. Aðalhreingerning.**

Á fundi samstarfsnefndar þann 22. apríl sl. var óskað f.h. stéttarfélagsins Samstöðu eftir túlkun samstarfsnefndar á greiðslum fyrir aðalhreingerningu sem skólaliðar annast.

Ákvörðun samstarfsnefndar var sú að greiða skuli skólaliðum yfirvinnukaup samkvæmt gildandi lfl. sem nú er 124, þegar þeir sinna aðalhreingerningum.

Upp hefur komi ágreiningur um tímasetningu á gildistöku ákvörðunar samstarfsnefndar.

**Niðurstaða:**

Í gr.11.2.4 í gildandi kjarasamningi aðila segir um ákvarðanir og úrskurði samstarfsnefndar:

*Samstarfsnefnd skal að jafnaði svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.*

*Verði samstarfsnefnd sammála um niðurstöðu gildir hún frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst kynnt gagnaðila með sannanlegum hætti, nema annað sé sérstaklega ákveðið.*

Í samræmi við ákvæði gr.11.2.4 gildir ákvörðun nefndarinnar frá 1. desember 2015, enda barst erindið til samstarfsnefndar aðila þann 5. nóvember 2015.

Fleira ekki gert.